

# Fundargerð

Framkvæmdahópur St. Jó.

14. apríl 2021

Kl. 12:00

Fjarfundur

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigurður Nordal, Helga Stefánsdóttir, Ragnheiður Agnarssdóttir.

## 1. Staða framkvæmda á 4. hæð

Unnið er að kostnaðarmati framkvæmda á 4. hæð St. Jó. Fyrir liggja drög frá STH teiknistofu dags. 30.3.21 þar sem fram kemur að áætlaður kostnaður við framkvæmdir á hæðinni sé um 80 m.kr.

Við nánari skoðun sem Verkís verkfræðistofa hefur unnið kom í ljós að ráðast þarf í umtalsvert hreinsunarstarf áður en að framkvæmdir geta hafist þar sem fundist hafa merki um gró á nokkrum stöðum á hæðinni sem nauðsynlegt er að fjarlægja og hreinsa áður en framkvæmdir geta hafist. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna hreinsunar er áætlaður 15—20 m.kr. en nákvæmara kostnaðarmat mun liggja fyrir á næstu dögum.

Viðbótarkostnaður rúmast innan fjárheimilda verkefnisins.

Lagt er til að farið verði í hreinsunarstarf og það unnið samkvæmt leiðbeiningum fagmanna sem Verkís mun hafa milli göngu um að leggja til verksins.

Tillagan var samþykkt einróma.

## 2. Tilboð í lyftu frá Schindler og Kone á Íslandi.

Endurnýja þarf lyftu í suðurenda hússins. Leitað var tilboða hjá tveimur aðilum Schindler og Kone. Niðurstöðuna má sjá í töflu meðfylgjandi töflu. Þegar er til staðar Schindler lyfta í norðurenda og er ákveðið hagræði að því vegna eftirlitskostnaðar að sami aðili annist eftirlit og viðhald með lyftum hússins. Lagt var til að gengið yrði til samninga við Schindler og var það samþykkt.

	Kone	Vægi	Schindler	Vægi
Burðargeta	1000 kg		1125 kg	
Fjöldi manna	13		15	
Rúmmál	1600x1400x2200		1600x1600x2220	
Lyftan með uppsetningu	6.247.198		6.565.700	
Niðurrif, förgun og frágangur	1.579.086		800.005	
	7.826.284		7.365.705	
Afgreiðslutími	12-14 vikur		13-17 vikur	
Uppsetningartími	2-4 vikur			
Gengi evru á tilboðsdegi	150,1	70%	150,1	70%
Byggingavísitala	153,1	30%		
Launavísitala			778,6	30%
Dags. Komin í notkun	18.ágú.21		11.ágú.21	
Þjónusta, svör við fyrirspurnum osfrv.	6		9	

### 3. Önnur mál

Fyrir liggur að miklar annir verði hjá verkefnisstjóra á næstu misserum við að hafa umsjón með framkvæmdum og annast samskipti við núverandi leigutaka ásamt því sem mikil vinna felst í því að taka á móti nýjum aðilum í húsið. Áætla má að um 15 aðilar komi nýir inn í húsið á þessu ári gangi framkvæmdaáætlanir eftir. Því til viðbótar mun mikil vinna felast í móttöku og þjónustu við Alzheimer- og Parkinsonsamötökin en þau stefna á að hefja starfsemi sína í september n.k.

Sigurður Nordal sviðstjóri stjórnsýslusviðs lagði til að skoðað yrði að ráða starfsmann til aðstoðar verkefnisstjóra í gegnum verkefnið Hefjum störf á vegum vinnumálastofnunnar til þess að hægt sé að anna öllum þeim verkefnum sem framundan eru með góðu móti.

Tillagan var samþykkt.

Fundi slitið 12:25